

# Tíundi fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 24. september 2015 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Gísli Guðmundsson og Halldór Jónsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.  
Katrín ritaði fundargerð.

Dagskrá.

Til afgreiðslu:

1. Tryggingar sveitarfélagsins, niðurstaða útboðs. **Lögð fram tilboð þeirra tveggja félaga sem gerðu tilboð í tryggingar sveitarfélagsins. Jafnframt var lögð fram fundargerð frá opnun tilboða 11. September. Samþykkt að taka tilboði VIS í tryggingar á eignum sveitarfélagsins.**
2. Staðan á rekstri sveitarfélagsins eftir 6 mánuði. **Lagt fram 6 mánaða uppgjör.**
3. Gjaldskrá vegna Laugargerðisskóla. **Samþykkt samhljóða.**
4. Útgönguspá til áramóta og frávik frá áætlun vegna 2015. **Farið yfir útgönguspá til áramóta. Hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps samþykkir eftirfarandi breytingar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2015:**
  - **Álögð fasteignagjöld verða 11.064.000 kr. í stað 10.704.000 kr. Breytingin leiðir til sömu hækkunar á handbæru fé.**
  - **Framlag frá Jöfnunarsjóði verður 35.000.000 kr. í stað 26.700.000 kr. Breytingin leiðir til sömu hækkunar á handbæru fé.**
  - **Útgjöld í sorpurðun og sorpeyðingu hækka um 2.050.000 kr. og verða 6.550.000 kr. í stað 4.500.000 kr. Breytingin leiðir til sömu lækkunar á handbæru fé.**
  - **Útgjöld í plön á bæjum hækka um 1.500.000 kr. og verða 3.500.000 kr. í stað 2.000.000 kr. Breytingin leiðir til sömu lækkunar á handbæru fé.**
  - **Fjármagnliðir nettó lækki um 90.000 kr. Breytingin leiðir til sömu lækkunar á handbæru fé.**
  - **Útgjöld til viðhalds Laugagerðisskóla í Eignasjóði verði aukin um 2.000.000 kr. og verði 6.000.000 kr. í stað 4.000.000 kr. Breytingin leiðir til sömu lækkunar á handbæru fé.**
5. Úttekt SVÁ skoðunarstofu á rekstri sveitarfélagsins vegna ljósleiðaraverkefnisins. **SVÁ komst að þeirri niðurstöðu að umræddar framkvæmdir munu ekki hafa veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélagsins til framtíðar.**
6. Verkefnið Betra ljós, ljósleiðaraverkefnið. **Oddviti fór yfir málin, farið yfir reglurnar.**
7. Erindi vegna móttöku flóttafólks. **Hreppsnefnd sammála um að vinna þurfi að þessum málum á héraðsvísu og vísar málinu til samstarfsvettfangs á héraðsvísu.**
8. Erindi er varðar framlag fyrir árið 2016 frá Brákarhlíð. **Samþykkt samhljóða.**
9. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir 2016 fyrri umræða. **Samþykkt til seinni umræðu.**

Mál sem eru í vinnslu.

10. Farið yfir verkefnið Betri plön.
11. Skráning á fasteignum í fasteignamat ríkisins og yfirferð um sveitarfélagið.

Til kynningar.

12. Opinber útgáfa fundargerðar 152. fundar félmn Snæfellinga 08.09. 2015
13. 119 fundargerðir stjórnar SSV
14. Fundargerð Sorpurðunar Vesturlands frá 8. Júní
15. 128. fundur Fundargerð 07092015 Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )